

FUNDARGERÐ

402. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 6. febrúar 2018 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Anna Prúður Þorkelsdóttir, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Hrafn Magnússon,

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

- 1. Staðan eftir nýja ríkisstjórn, heimsóknir - kynning á skýrslu Hauks Arnþórssonar**
Formaður opnaði umræðuna og skýrði frá vilja til að LEB sinni þessum málum. Hann skýrði einnig frá bréfi sínu til forsætisráðherra sem sent verður stjórnarmönnum eftir fundinn. Ekki komið svar frá ráðherrum forsætis né félagsmála varðandi fundi. Samþykkt að óska eftir fundi formanna félaga innan LEB sem allra fyrst.
Tillaga kom fram um að halda fundi með aðstoðarmönnum ráðherra og kynna þeim innihald skýrslu Hauks Arnþórssonar sem unnin var fyrir félagið. Einnig að kynna fyrir efni skýrslunnar fyrir ráðherrum, á fundi með blaðamönnum og með greinarskrifum þar sem þau Ellert, Erna og Reynir lýstu sig reiðubúin til slíkra skrifa.
Rætt um Hringbraut sjónvarpsstöð sem verið hefur í sambandi við formann og þá hvort og hvernig nýta mætti sér þann miðil. Gögn frá forsvarsmönnum Hringbrautar hafa ekki borist.
- 2. Drög að skýrslu um stefnu og viðfangsefni í málum eldri borgara á næsta kjörtímabili – nefnd á verferðarsviði Rvk.borgar**
Drögin liggja ekki fyrir og þá sjálfgefið að ekki komi til umræðu á þessum fundi.
- 3. Byggingar smærri húsa fyrir eldri borgara**
Húsnæðiskostnaður á Rvk.svæðinu. Kynnt var bréf til borgarinnar í framhaldi af spjalli við borgarstjóra og ráðherra um nýtingu m.a. lóða í eigu ríkissjóðs. Samstarfsaðili FEB í þessu máli hefur verið Vildarhús ehf, félag í eigu tveggja félagsmanna. Samþykkt að áfram verði unnið með þetta mál á vettvangi FEB.
- 4. Kynning á U3A**
Hans Guðmundsson frá samtökunum U3A fór yfir og kynnti stofnun og starf samtakanna
- 5. Undirbúningur aðalfundar FEB 28.febrúar 2018**
Tillögur uppstillinganefndar um menn í stjórn lágu fyrir skv. lögum félagsins. Fundurinn er auglýstur á heimasíðu feb.is síðar einnig í dagblöðum og útvarpi er nær dregur.
- 6. Þakkarboð fyrir sjálfboðaliða og aðra velunnara FEB**
Hefð er fyrir því að halda boð fyrir sjálfboðaliða sem starfað hafa fyrir félagið á starfsárinu.
Samþykkt að halda þeirri hefð og að stjórn FEB bjóði sjálfboðaliðum, nefndarfólki og öðrum velunnurum auk starfsmanna félagsins til samsætis þann 23. feb. kl. 15.30 í Stangarhylnum.

7. Greiðslur til borgarinnar vegna Árskóga

FEB greiddi Rvk.borg árið 2016 að fullu lóðar- og gatnagerðargjöld fyrir lóðina Árskóga 1-3.

Vegna samþykktar um fjölgun íbúða er nú kominn reikningur að upphæð um 16 milljónir króna vegna viðbótar gatnagerðargjalds, byggingarleyfis og áfangaúttekta. Vonast til að ekki komi til frekari álagningar af hálfu Reykjavíkurborgar vegna framkvæmdanna.

8. Önnur mál

Val í fulltrúaráð Múla- og Hlíðabæjar í stað Péturs V. Maack Péturssonar sem segir sig frá. Samþykkt að Sigríður Snæbjörnsdóttir taki sæti í fulltrúaráðinu f.h. FEB.

Einnig er í fulltrúaráðinu Sjöfn Ingólfssdóttir sem fulltrúi FEB.

Formaður spurðist fyrir um póst Jóhönnu Ragnarsdóttur, starfsmanns FEB sem sendur var stjórnarmönnum að kvöldi 5. feb. Máli Jóhönnu vísað til umfjöllunar hjá formanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra.

Fundur Grá hersins. Um 20 manns mættu á fund Grá hersins síðdegis 5. feb. Hugur var í fundarmönnum þar sem hæst bar umræða um lífeyrismál - skerðingar auk umræðu um hjúkrunarheimili.

Opinn fundur með fulltrúum lífeyrissjóða

Óskað hefur verið eftir opnum fundi með fulltrúum lífeyrissjóða þar sem umræðuefnið gæti verið ímynd lífeyrissjóðanna og staða þeirra. Svar er komið frá aðilum innan lífeyrissjóðanna um þátttöku.

Spurst fyrir með ráðningu viðbótarstarfsmanns hjá FEB m.v. álag á núverandi starfsfólk félagsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12.00

Samþykkt;